

SMIÐJUHÓPURINN – samtök 23ja ára og eldri skáta

Starfsáætlun 2013 – 2014



Fimmtudaginn 3. október kl. 20:00:

Félagsfundur Smiðjuhópsins í Skátamiðstöðinni.

Mánudaginn 14. október kl. 11:45:

Endurfundir skáta – súpa og brauðbar. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Miðvikudaginn 16. október kl. 19:30:

Söngkvöld í Hveragerði. Brottför í einkabílum kl. 18:30 frá Skátamiðstöðinni í Hraunbæ 123, þar sem menn skipta sér niður á bíla. Tækifærið notað í leiðinni til að skoða sig um á væntanlegum vettvangi Smiðjudaga sem hefjast tveimur dögum síðar.

Helgina 18. - 20. október:

Smiðjudagar 2013 hefjast í Grunnskólanum í Hveragerði. Eldra liðið verði mætt fyrir kl. 20 og taki á móti þátttakendum og verið með í skráningu og kynningu áður en haldið er í rómantíska sundferð í sundlauginni í gilinu – þar sem mótsetning fer fram. Kannað hverjir úr Smiðjuhópnum ætla að mæta. Kanna gistingu fyrir eldra liðið.

Laugardaginn 19. október kl. 20:30:

Stóra kvöldvakan á Smiðjudögum. Foreldrum þátttakenda, íbúum Hveragerðis og bæjarstjórn er boðið og auðvitað mæta allir meðlimir Smiðjuhópsins sem geta komið og aðrir skátar sem hafa gaman af meiri söng og meira yndi. Kvöldvöku lýkur með kvöldhressingu að hætti skáta.

Sunnudaginn 3. nóvember kl. 15:00:

Hornsteinn lagður að Fræðslusetri skáta á Úlfjótavatni, en það er staðsett í byggingu fyrir ofan Ljósafossvirkjun. Best er að leggja í staðin við Ljósafossvirkjun þar sem sýningin „Undraland – minningar frá Úlfjótavatni“ fór fram en er nú lokið.

Mánudaginn 11. nóvember kl. 11:45:

Endurfundir skáta – súpa og brauðbar. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Fimmtudaginn 28. nóvember kl. 20:00:

Kvöldverðarfundur Smiðjuhópsins á veitingastaðnum Pisa í Lækjargötu. Við verðum með innri salinn og þar eru ódýrir málsverðir af öllum gerðum. Í lokin verður sungið að hætti skáta með undirspili og heyrist um alla miðborgina. - Sjá nánar í Gjallarhorninu 4. tbl. nóvember 2013.

Mánudaginn 9. desember kl. 11:45:

Endurfundir skáta – jólafundur. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Sunnudaginn 15. desember kl. 13:00:

Laufabrauðsgerð og föndur í Skátamiðstöðinni. Meðlimir Smiðjuhópsins hafa löngum þótt góðir í föndri og hér verður lagður grunnur að góðum jólum. Meðlimir eru hvattir til að taka börn og barnabörn með sér og á meðan bakað verur munu söngvasveinar og meyar jóla leika sér við börnin og taka jólalögin með þeim. Aldrei að vita nema jólasveinninn komi í heimsókn þar sem þeir verða lagðir af stað til byggða þá.

Mánudaginn 13. janúar kl. 11:45:

Endurfundir skáta – súpa og brauðbar. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Laugardaginn 25. janúar kl. 19:30 – 02:00:

Árshátíð Smiðjuhópsins í Mjódd – (salur Sjálfstæðisflokksins í Breiðholti). Verði er stillt mjög í hóf, góður matur og skemmtileg hljómsveit sem við öll þekkjum svo vel. Samkvæmisleikur og söngur inn á milli skemmtiatriða sem hvet borð (flokkur) þarf að undirbúa fyrir kvöldið.

Mánudaginn 10. febrúar kl. 11:45:

Endurfundir skáta – súpa og brauðbar. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Sunnudaginn 23. febrúar kl. 14:00:

Formleg opnun Fræðsluseturs skáta við Úlfjótavatn. Þetta er fyrsta fræðslusetur sinnar tegundar í heiminum og við ætlum að mæta með skátaklútinn um háls – skátabúningurinn er velkominn líka.

Mánudaginn 10. mars kl. 11:45:

Endurfundir skáta – súpa og brauðbar. Samverustund eldri skáta verður í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, kl. 11.30 - 13.30.

Fimmtudaginn 20. mars kl. 20:00:

Aðalfundur Smiðjuhópsins í Skátamiðstöðinni. Venjuleg aðalfundarstörf og söngur.

Helgina 27. – 29. júní:

Landsmót skáta 40+ á Úlfjótavatni. Dagskrá með svipuðu sniði og á mótinu 2013 sem þótti takast vel. Mótsetning kl. 21 á föstudag. Fræðasetrið opið á meðan golfkeppni fer fram á Smiðjuvellinum við Ljósafoss.

Vikuna 20. – 27. júlí:

Landsmót skáta að Hömrum á Akureyri.

Laugardaginn 20. september kl. 10:00:

Haustlitaferð um Reykjanes. Skráning fer fram á fyrsta Endurfundum skáta, 8. september eða hringja á skrifstofu Skátamiðstöðvarinnar í síma 550-9800 – Endurfundir skáta eru alltaf 2. mánudag hvers mánaðar yfir vetrartímann.